



### Unnur Ýr Haraldsdóttir

**Ms verkefni:** Notkun ADHD lyfja hjá íslenskum börnum fædd 2002-2007 og tengsl þeirra við þætti í fæðingarskrá.

**Höfundur:** Unnur Ýr Haraldsdóttir fæddist á Akranesi þann 15. ágúst 1994. Hún gekk í Grundaskóla og fór í kjölfarið í Fjölbrautaskóla Vesturlands þar sem hún útskrifaðist af náttúrufræðibraut vorið 2013. Haustið 2014 hóf hún nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands og samhliða náminu hefur hún eignast tvær dætur, Emmu Dís (2016) og Ísold (2019), með maka sínum Teiti Péturssyni. Samhliða náminu hefur hún einnig starfað á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og í Apóteki Vesturlands þar sem hún mun starfa áfram eftir útskrift.



### Stuttur útdráttur úr ritgerð:

Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD) er taugaproskaröskun sem kemur fram hjá börnum og einkennist af athyglisbresti, ofvirkni og hvatvísi. Orsakir röskunarinnar eru að mestu erfðafræðilegar en áhættuþættir geta einnig verið sálfræðilegir, félagsfræðilegir eða tengst meðgöngu og fæðingu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort mögulega væru tengsl á milli ADHD lyfjanotkunar barna og nokkurra þátta úr fæðingarskrá. Niðurstöður sýndu að kyn barns og aldur móður við fæðingu barns voru þeir þættir sem höfðu hvað mest forspárgildi um hvort barn fari síðar á ADHD lyfjameðferð. Einnig var samband á milli þess að móðir barns var fjölbyrja og að það fari síðar á ADHD lyfjameðferð. Þá voru börn (f. 2002-2005) sem fæddust eftir sjálfkrafa upphaf fæðingar ólíklegri til að fara síðar á ADHD lyfjameðferð en börn sem fæddust eftir gangsetningu. Meðgöngulengd móður, fæðingarlengd og fæðingarþyngd höfðu ekki marktæk áhrif á hvort barn fari síðar á ADHD lyfjameðferð.